



# Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi  
Sími 455 2400 • Fax 455 2409  
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

**Nefndarsvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**Hvammstangi, 18. mars 2019**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013.**

Á 995. fundi byggðarráðs Húnathing vestra var eftirfarandi fært til bókar við 6. lið:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Byggðarráð Húnathing vestra mótmælir harðlega þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Varðandi 1. gr: Í frumvarpi þessu er lagt til að almannaréttur einstaklinga sem ferðast um óræktuð eignarlönd í byggð sér styrktur. Ástæða er til að gera alvarlegar athugasemdir við þetta ákvæði en það hlýtur það alltaf að vera réttur landeigenda að takmarka aðgengi að afgirtu landi í byggð. Þetta land er enda almennt ekki girt af að ástæðulausu. Þar geta bæði legið að baki landverndarsjónarmið, dýravelferðarsjónarmið og að auki nýtingarsjónarmið. T.d. þarf það að vera mögulegt fyrir bændur að takmarka aðgengi að hólum þar sem búfenaði er beitt og getur það bæði varðar velferð búfjár og almennings. Þá getur viðkomandi land verið í uppgræðslu- eða skógræktarferli og gæti óheftur aðgangur almennings í miklum mæli stórraskað viðkomandi starfi.

Varðandi 3. gr: Lagt er til að heimilt verði að takmarka fjölda ferðamanna um tiltekin svæði í kjölfarið á rökstuddu mati sem byggt er á þolmarkagreiningu svæðis, sem þarf að vinna af Umhverfisstofnun og auglýsa í Stjórnartíðindum áður en viðkomandi takmörkun verður staðfest. Ekki verður séð að mikil náttúruvernd sé fólgin í þessu ákvæði, enda viðbúið að verkferli sem þetta taki töluverðan tíma og væri þá jafnvel búið að vinna óbætandi tjón á viðkomandi svæði áður en viðkomandi takmörkun tæki gildi.

Frumvarpið í heild virðist ekki til þess fallið að auka náttúruvernd, enda fyrirséð að fyrirhugaðir verkferlar taki langan tíma, ásamt því að eingöngu er heimilt að taka gjald af ferðapjónustu í atvinnurekstri en ekki af ferðamönnum sem ferðast um á bílaleigubílum. Þá er freklega brotið á rétti landeigenda hvað varðar umráð yfir eigin landi. Engar tölur liggja fyrir í greinargerð um að skipulagðar hópferðir eyðileggi land frekar en ferðamenn á bílaleigubílum, og má í framhaldinu velta fyrir sér hvort hér sé um brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að ræða

Virðingarfyllt

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

HÚNATHING VESTRA